

# Sameining og samstarf safna á Vestfjörðum



Vestfjarðastofa

---

Ágúst 2021

Samantekt:  
Skúli Gautason,  
menningarfulltrúi Vestfjarða



## 2

## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður .....	3
Inngangur .....	4
Aðferð við gagnaöflun og vinnslu .....	5
Safnastarf á landinu .....	5
Sóknaráætlun Vestfjarða .....	6
<b>Niðurstöður viðtala .....</b>	<b>7</b>
Sameining safna .....	7
Mögulegt samstarf .....	7
Námskeiðahald .....	10
<b>Umræður .....</b>	<b>10</b>
Safnasjóður .....	10
Ábyrgðarsafn .....	10
Viðhorf safnafólks .....	10
Sérstaða einkasafna .....	10
Samfélagslegt hlutverk safna .....	11
Skjalasófn .....	11
Aðgengismál .....	12
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>12</b>
<b>Viðauki 1 - Söfn á Vestfjörðum .....</b>	<b>13</b>
<b>Viðauki 2 - Staðsetning safna á Vestfjörðum .....</b>	<b>19</b>
<b>Viðauki 3 - Gestafjöldi og stöðugildi .....</b>	<b>20</b>
<b>Viðauki 4 - Viðmælendaskrá .....</b>	<b>21</b>
<b>Viðauki 5 - Rekstrarfyrirkomulag safna á Vestfjörðum .....</b>	<b>22</b>

## Helstu niðurstöður

- Safnastarf á Vestfjörðum stendur á brauðfótum.
- Möguleikar á samstarfi eru nokkrir.
- Möguleikar á sameiningu safna eru fáir og varla raunhæfir.
- Áætlunum um ábyrgðarsöfn þarf að fylgja fjármagn.
- Áriðandi að stjórnvöld marki skýra stefnu í safnamálum.





Galdrasýningin á Hólmavík

## Inngangur

Söfn, sýningar og setur á Vestfjörðum sem tekin eru fyrir í þessari rannsókn eru 32 talsins. Þau eru sum í fullum rekstri, önnur hafa opið hluta úr ári, tvö hafa lokað tímabundið vegna heimsfaraldursins og önnur hafa ekki hafið starfsemi eða eru í einhverskonar millibilsástandi. Þó var talið rétt að hafa þau öll með til að gefa sem gleggsta mynd af safnastarfi á Vestfjörðum að undanfögnu og reyna að sjá inn í nánustu framtíð.

Flest söfn, setur og sýningar eiga í vandræðum með fjárhagslegan rekstur. Sífelld verður erfiðara að sækja styrki til rekstrar, flestir styrkir eru fremur hugsaðir til afmarkaðra verkefna.

Hugtakið safn er reyndar óheppilega vítt á íslenskri tungu. Á ensku eru þrjú hugtök, museum, library og archive, sem öll eru þýdd sem safn á íslensku; minjasafn, bókasafn og skjalasafn. Í eðli orðsins liggur að starfsemi allra þessara stofnana snýst fyrst og fremst um söfnun og geymslu, en í raun er starfsemi á öllum þessum sviðum á fleygiferð í þróun. Miðlun menningarminja er eitt aðalverkefni minjasafna, bókasöfn eru víða að þróast í áttina að því að verða samfélagsmiðstöðvar með margvíslega starfsemi innanhúss og skjalasöfn sinna í æ meira mæli stjórnsýslu- og lögfræðilegri ráðgjöf.

Allt safnastarf er þó iðulega rekið af eldhugum, fólki sem brennur fyrir viðkomandi málefni. Það á jafnt við um einkasöfn og söfn í opinberri eigu. Aðstandendur safna leggja oft á sig gríðarlega vinnu til að halda safni sínu gangandi, jafnvel ólaunaða vinnu. Eldmóðurinn er í sjálfu sér jákvæður, en hins vegar óheppilegt rekstrarlega að vera upp á sjálfbóðaliðastarf kominn.

## Aðferð við gagnaöflun og vinnslu

Til grundvallar er aðgerð C14 í Byggðaaætlun<sup>1</sup>. Með þeirri aðgerð er ætlað að gera „fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn“.

Sendur var út spurningalisti til forsvarsmanna safna, sýninga og setra á Vestfjörðum.

Í framhaldi af því var rætt var við stjórnir og forsvarsmenn helstu safna á fundum, en hinna minni í síma eða á fjarfundum.

Þó svo skjalasöfn heyrir ekki undir safnalög voru þau tekin með í þessa rannsókn þar sem starfsemi þeirra er að hluta til í sama húsnæði og söfn og sýningar sem eru tekin fyrir hér. Einnig vegna þess að helstu niðurstöður benda til þess að alvarlegustu vandamálin tengd þeirri starfsemi sem hér er til umfjöllunar tengist húsnæðisvandræðum. Þegar farið verður í úrbætur á þeim sviðum verður það að gerast í samstarfi og samráði við skjalasöfn, þar sem þau búa einnig við alvarlegan vanda hvað varðar geymslurými.

Safnvísar, sýningar og setur sem tekin eru með í þessa greinargerð eru 32 talsins.

## Safnastarf á landinu

### Höfuðsöfn

Í Safnalögum segir: Höfuðsöfn eru í eigu ríkisins og eru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Þau eru stofnuð með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra.<sup>2</sup>

Ekkert slíkt safn er á Vestfjörðum.

### Ábyrgðarsöfn

Í Safnalögum segir einnig: Ábyrgðarsafn er viðurkennt safn sem ráðherra hefur, að fenginni tillögu viðkomandi höfuðsafns, falið að bera ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði.

Ekkert ábyrgðarsafn er á Vestfjörðum.

### Viðurkennd söfn

Í safnalögum segir enn: Viðurkennt safn er safn sem ráðherra hefur veitt viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Slíkt safn hefur tiltekið starfssvið eða starfssvæði sem er tilgreint í stofnskjali þess.

Þrjú söfn á Vestfjörðum hafa hlotið viðurkenningu Safnaráðs.

## Önnur safnatengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar

Í Safnalögum segir um slíka starfsemi:

- Safnvísar sinna safnatengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu skv. 10. gr.
- Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu.
- Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum.
- Safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn skv. 22. gr.

Öll söfn, sýningar og setur á Vestfjörðum utan þrjú eru í þessum flokki og falla þannig í gegnum sigtið, eiga erfitt með að sækja styrki og annan stuðning.

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaaetlun/adgerd/?itemid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

## 6


## Sóknaráætlun Vestfjarða

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024<sup>3</sup> er m.a. skilgreint það markmið að auka skuli aðsókn í söfn um 8% á tímabilinu. Þar er einnig tilgreint í áherslum:

1. Við viljum efla samstarf menningarstofnana.
2. Við viljum auka samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
3. Við viljum auka tengsl og samvinnu menningar og atvinnulífs.
4. Við viljum efla og auðga menningarstarfsemi og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina.

Úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða eru veittir rekstrarstyrkir til safna. Hér má sjá yfirlit yfir slíkar styrkveitingar yfir 5 ára tímabil, frá 2017-21. Heildarupphæð sem veitt var til rekstrarstyrkja safnatengdrar starfsemi á þessu tímabili var 73.950.000 kr. Auk þess voru veittir styrkir til einstakra verkefna sem eru ekki tilgreind hér.

Stofn- og rekstrarstyrkir 2017-21



Rekstrarstyrkir UV til safnatengdrar starfsemi 2017-21

Í greiningu Sóknaráætlunar á menningarlífinu á Vestfjörðum er skortur á samstarf í menningarmálum tilgreint sem einn af veikleikunum, einnig að fáir listamenn á Vestfjörðum starfi við list sína allt árið og að ungir listamenn snúi ekki aftur heim að loknu námi. Meðal styrkleika er hinsvegar nefnd fjölbreytt safnaflóra og það er nefnt að tækifæri geti falist í auknu samstarfi atvinnulífs og menningar.

<sup>3</sup> [https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa\\_soknaraaetlun-2020-2024.pdf](https://www.vestfiridir.is/static/files/Soknaraaetlun/vestfjardastofa_soknaraaetlun-2020-2024.pdf)

## Niðurstöður viðtala

### Sameining safna

Helstu möguleikar á sameiningu safna eru samhliða utanaðkomandi breytingum, s.s. sameiningu sveitarfélaga eða breytingu á eignarhaldi. Ekki er líklegt að sameiningar milli ólíkra safna heppnist. Dæmi eru hérlendis um sameiningar þar sem annað safnið er rekið af eldhuga og með frumkvöðul í lykilhlutverki og hins vegar opinbert batterí þar sem starfsmenn eru bara „venjulegir starfsmenn“. Slíkar sameiningar munu seint ganga vel, enda ekki víst að vilji sé til grundvallar sameiningu.

Almennt sá safnafólk fáa fleti á sameiningu og töldu ekki líklegt að söfn þeirra vildu sameinast öðrum söfnum nema reksturinn væri kominn í algjört óefni og gjaldþrot blasti við. Helstu möguleikar á sameiningu eru þegar ytri aðstæður bjóða upp á slíkt, t.d. þegar sveitarfélög eru sameinuð. Þá má nota tækifærið og sameina yfirstjórn safna í eigu sveitarfélaga og ná hagræðingu í mannhaldi og öðrum rekstrarþáttum.

Fordæmi eru fyrir því að einstök söfn hafi tekið að sér ákveðinn málaflokk á landsvísu, má benda á Sildarminjasafnið á Siglufirði í því samhengi, og á Vestfjörðum má benda á Sauðfjársetrið á Ströndum og Melrakkasetur Íslands í Súðavík. Áhugavert væri þannig að skoða sameiningu safna sem sérhæfa sig í sambærilegum viðfangsefnum. Þannig eru t.d. bæði Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði og Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum virk í varðveislu súðbyrðingsins og því verklagi sem tengist smíði hans. Hugsanlega mætti tengja þetta út fyrir fjórðunginn, efna til samstarfs við Hollvíni Húna á Akureyri (þó þar sé reyndar um annars konar bátasmíði að ræða) eða Sildarminjasafnið á Siglufirði. Sjóminjasöfn á landinu hafa raunar nú þegar með sér samstarf.

Ágæt skýrsla um svipuð mál er hin danska „*Kærlighed eller tvangsægteskab - erfaringer fra fem museumsfusioner*“<sup>4</sup> frá 2010, en þar fjallað um reynslu af sameiningarferli nokkurra safna. Þar kemur m.a. fram að til að sameining safna heppnist vel sé æskilegt að:

1. Skapa skýra sýn fyrir hið nýja safn
2. Hafa starfsmenn með í ráðum frá upphafi
3. Hafa skýra hlutverkaskipan
4. Halda eigendum og aðstandendum vel upplýstum
5. Taka frá fjármagn til verkefnisins
6. Gefa starfsmönnum beggja stofnana tækifæri til að hittast
7. Leggja vinnu í að skapa nýja menningu
8. Gefa starfsmönnum von um umbun eða ávinning

### Mögulegt samstarf

#### Sameiginlegir starfsmenn

Flest söfn og sýningar eiga í vandræðum með mönnun og lítill sveigjanleiki er í starfseminni vegna manneklu. Vel mætti hugsa sér að söfn á Vestfjörðum sameinuðust um að ráða starfsmann sem gæti flakkað á milli safna og leyst af þegar þörf krefur. Nánari útfærsla á þessari hugmynd er ekki mótuð en nokkuð víst er að hún myndi gagnast mörgum söfnum og létt á rekstri. Sambærileg verkefni hafa verið reynd, m.a. í ráðuneytum þar sem starfsmaður sérhæfður á ákveðnu sviði vinnur fyrir tvö aðskilin ráðuneyti. Af þeirri reynslu að dæma var aðalvandamálið of mikil eftirsókn í starfsmanninn, en það má væntanlega leysa með góðu skipulagi.

Mörgum þótti einboðið að sækja um öndvegisstyrk fyrir slíkum flakkara, búa til tilraunaverkefni t.d. í 3 ár, en ekki þótti augljóst hver ætti að vera leiðandi í slíkri umsókn.

#### Sameiginlegt geymslurými

Það sem hamlar starfi margra safna á Vestfjörðum er skortur á geymslurými. Þess er krafist af Safnaráði að geymslur uppfylli ströng skilyrði, m.a. um rakastýringu, lýsingu, eldvarnir og innbrotavarnir. Söfnin á Vestfjörðum eru mörg hver í stökustu vandræðum með geymslurými og hafa neyðst til að geyma safnkost sinn við ófullnægjandi aðstæður. Gert er hér að tillögu

<sup>4</sup> [https://slks.dk/fileadmin/user\\_upload/dokumenter/Museer/Museumsdrift/museumsfusioner2.pdf](https://slks.dk/fileadmin/user_upload/dokumenter/Museer/Museumsdrift/museumsfusioner2.pdf)



Melódiur minninganna á Bíldudal

að sérstakt hús sem standist öll mál verði hannað og reist frá grunni. Vitaskuld má hugsa sér að breyta byggingu sem þegar er risin, en hætt er við því að kostnaður verði ekki minni en við nýbyggingu. Slíka byggingu má hugsa í tengslum við mögulegt ábyrgðarsafn og getur það um leið orðið vettvangur fyrir starfsfræðslu og námskeiðahald. Þar getur verið búnaður til forvörslu og ljósmyndunar safngripa. Byggingin getur orðið miðstöð safnastarfs í fjórðungnum og eftl samtál og samstarf safnafólks verulega. Við val á staðsetningu ætti að taka mið af spám um framtíðaráhrif loftlagsbreytinga m.a. aukin tíðni og kraftur sjávarflóða, ofanflóða og úrkomu.

### Sameiginlegur passi

Almennur áhugi virðist vera á því að kanna möguleika á sameiginlegum safnapassa sem gæti gilt inn á öll söfn sem taka þátt. Tilraunir með slíkt hafa verið gerðar annarsstaðar á landinu og heppnast misvel, en með stafrænni tækni væri vert að kanna hvort slíkur passi sé gerlegur án þess að kostnaður verði óhóflegur. Skipting innkomu ætti þannig að geta reiknast út rafrænt. Það má gera ráð fyrir að tekjur hvers safns yrðu minni af aðgangseyri hvers gests. Hins vegar yrði gestafjöldi væntanlega meiri og því meiri möguleiki fyrir söfnin að ná upp tekjunum á annan hátt, t.d. með safnverslun eða annarri sölu. Þetta verkefni gæti verið betra að hugsa á landsvísu, að almenningur gæti keypt eitt kort sem gildir um allt land. Passinn yrði rafrænn, varðveittur í símanum og starfsmenn safnanna gætu skannað QR-kóða sem reiknar skiptingu innkomunnar. Það er ekki ljóst hver ætti að hafa frumkvæði að slíkum safnapassa eða sjá um utanumhald, kannski eðlilegast að Félag safnafólks sækir um sérstaka fjárveitingu eða öndvegisstyrk í Safnasjóð til að láta vinna þetta verkefni.

Nú þegar er nokkur samvinna á milli bókasafna á landsvísu, m.a. um leitir.is og rafbókaveitur.



### Sameiginlegt sýningarhald

Tilraunir hafa verið gerðar með sameiginlegt sýningarhald sem hafa gefist vel í gegnum tíðina og einmitt nú er í vinnslu verkefni sem snýst um gerð sýningar sem mun ferðast á milli vestfirskra safna.

Það virðist vera full ástæða til að kanna betur möguleika á slíku samstarfi milli safna og almennur vilji virðist vera hjá safnafólki til að taka þátt í slíkum samstarfsverkefnum. Það þarf að ætla rúman tíma þar sem á hverjum stað þarf tíma til að setja sýninguna upp og taka hana niður. Síðan þarf að áætla þann tíma sem sýningin þarf að vera uppi á hverjum stað þannig að hún skili því sem ætlast er til. Það má því ætla að 3-4 ár séu lágmarkslíftími slíka samstarfssýninga og meiri ef þær ferðast víðar.

Verkefni er nú í undirbúningi sem felur í sér samstarf um sameiginlegt sýningarhald viðurkenndu safnanna þriggja á Vestfjörðum. Það gengur undir vinnuheitinu Hvítbjarnasamstarfið og fjallar um ísbirni í sögulegu samhengi. Að þessu verkefni koma Sauðfjársetur á Ströndum, Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti og Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði. Verkefnið er enn í undirbúningi, en það hefur fengist fjármagn til að vinna að hönnun og uppsetningu. Áætlað er að sýningin verði opnuð í fyrsta sinn snemma sumars 2022.

### Lán safngripa

Lengi hefur tíðkast að söfn láni safngripi sín á milli til sýninga. Slíkt getur skerpt á inntaki sýninga og haft verulegt vægi í heildarmyndinni. Með auknum gæðakröfum til safna og bættu samtali á milli safnafólks má reikna með að slík lán aukist.

### Markaðssetning

Stór hluti viðmælanda nefndi að æskilegt væri að efla sameiginlegt markaðsstarf safnanna á Vestfjörðum. Oft var nefnt að það mætti útbúa safnakort af Vestfjörðum þar sem öll söfn, sýningar, setur og jafnvel fleiri menningarstofnanir yrðu merkt inn á með staðsetningum og helstu upplýsingum. Verkefnið Vestfjarðaleiðin sem nýlega var hleypt af stokkunum kann að fullnægja þessari þörf að einhverju leyti, en í því er dregin upp mynd af hringleið um Vestfirði og Dali þar sem helstu áfangastaðir á sviði náttúru, matar og menningar eru kynnt sem áhugaverður valkostur fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda. Opnuð hefur verið vefsíðan [www.vestfjardaleidin.is](http://www.vestfjardaleidin.is) en þar eru merkt inn nokkur þeirra safna sem hér eru til umfjöllunar og verður væntanlega fjölgað á næstunni.

### Sameiginleg innkaup

Söfn þurfa að kaupa sérhæfðar vörur sem standast gæðakröfur safnaráðs auk hefðbundinna vara til rekstrar. Vel má hugsa sér að með því að gera magninnkaup mætti ná hagstæðari samningum við birgja og auka hagkvæmni. Með sameiginlegri tilboðagerð mætti hugsanlega ná hagkvæmari kjörum á tryggingar og aðra þætti.

### Félagslíf safnafólks

Upp hafa komið hugmyndir um að safnafólk á Vestfjörðum hittist einu sinni á ári, skömmu eftir að sumarvertíð lýkur, og beri saman bækur. Þannig er hægt að fara yfir hvað vel hafi tekist og hvað betur mætti fara, hvort einhverjar nýjungar hafi komið upp o.s.frv. Þar sem Vestfjarðakjálkinn skiptist nokkurn veginn í þrjá hluta; Norðurfirðina, Suðurfirðina og svo Strandir/Reykhóla mætti vel hugsa sér að slík samkoma ferðaðist á milli svæða. Í hvert skipti næðu menn að heimsækja sem flest af þeim söfnum sem starfa á hverju svæði þannig að eftir þrjú ár væri allt safnafólk á Vestfjörðum búð að fá góða yfirsýni yfir langflest söfn á kjálkanum öllum. Með það veganesti er mun auðveldara að vísa gestum sínum á önnur söfn og líklegt að heildarfjöldi heimsókna á söfn og sýningar aukist. Þetta gæti verið tilraunaverkefni í þrjú ár og eftir þann tíma mætti meta hvernig til hefði tekist og ákveða með framhaldið.

## Námskeiðahald

Almennt má segja að mikill áhugi sé á sameiginlegum námskeiðum. Mikil framþróun hefur orðið í vefnámskeiðum og má nýta fjarfundatækni til að auka sameiginlegt námskeiðahald. Þó má ekki líta á það þannig að vefnámskeið komi alfarið í stað hefðbundinna staðnámskeiða. Námskeið í safnageiranum eru eðli málsins samkvæmt mikið verkleg. Þannig þarf t.d. safnafólk að læra að þekkja efni með því að snerta þau, þekkja lykt, læra ákveðið handbragð o.s.frv.

Þá ber að minna á að áriðandi hluti af námskeiðahaldi er sú tengslamyndun sem á sér stað við það að vinna náið saman að afmörkuðu verkefni. Þetta má ekki vanmeta í uppbyggingu safnastarfs.

## Umræður

### Safnasjóður

Eftirfarandi ábendingar komu fram um styrkveitingar Safnasjóðs:

- Safnasjóður úthluti að hausti fyrir árið á eftir til að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika.
- Öndvegisstyrkir þyrftu að vera til lengri tíma og myndarlegri til að skila raunverulegum árangri.

### Ábyrgðarsafn

Nokkuð skiptar skoðanir eru um hvort eigi að stíga þetta skref. Í raun snýst það um að flytja traust og ákveðna fagmennsku út á land. Nokkuð ríkjandi skoðun var að ríkið ætti að koma með fjármagn inn eins og gert hefur verið með héraðsskjalasöfn, til að hafa eftirlit með því að það sé verið að vinna eftir safnalögum, t.d. hálfstöðugildi. Hér gæti á móti sparast ferða- og flutningskostnaður.

Reyndar eru a.m.k. tvær leiðir til að útfæra hugtakið ábyrgðarsafn. Annars vegar sú að safn sem er þegar starfandi sé skilgreint sem ábyrgðarsafn ótímabundið, því fylgi fjármagn til uppbyggingar safnamiðstöðvar sem inniber sameiginlegt geymslurými og vinnslusvæði s.s. til forvörslu, rannsóknarvinnu og námskeiðahalds. Þannig gætu þau sinnt ákveðinni þjónustu og orðið mjög góður samstarfsvettvangur. Hins vegar er önnur hugmynd um ábyrgðarsöfn að þau væru skilgreind út frá verkþáttum, svo sem forvörslu, ljósmyndun, rannsóknir, safnfræðslu, söfnun og skráningu, sýnileika á samfélagsmiðlum o.s.frv. Öll söfn gætu þannig sótt um að verða ábyrgðarsafn á viðkomandi sviði til ákveðins tíma, t.d. fjögurra ára.

Það eru aðeins söfn sem standa styrkum fótum sem gætu sinnt hlutverki ábyrgðarsafns. Á Vestfjörðum er það í raun aðeins Byggðasafn Vestfjarða sem stendur það styrkum fótum að það hafi burði til að sinna hlutverki ábyrgðarsafns.

### Viðhorf safnafólks

Nokkrir viðmælenda sögðust vera þjakaðir af breytingafælni, enda starfi þeir við að horfa til fortíðar, varðveita hluti óbreytta og einmitt forða þeim frá breytingum. Þetta getur verið til trafala í umræðum um breytingar, samvinnu og hugsanlegar sameiningar, en er í raun fullkomlega eðlilegt. Hins vegar er ljóst að til að ræða málin af einhverju viti þarf að byggja upp traust og fullvissa safnafólk um að ekki standi fyrir dyrum stórfelldur niðurskurður, heldur sé verið að leita leiða til að efla og styrkja safnastarf, gera það faglegra og markvissara. Fyrst og síðast sé verið að hugsa um að nýta sem best þá peninga sem nú þegar eru lagðir í málaflokkinn.

### Sérstaða einkasafna

Einkasöfn þurfa að eiga útgönguleið, þannig að það sé búið að gera ráðstafanir með safnkostinn þegar frumkvöðullinn fellur frá. Það er ekki sjálfgefið að slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar.



Skrímslasetrið á Bildudal

## Samfélagslegt hlutverk safna

Samfélagslegt hlutverk safna er ekki metið að verðleikum og það er alls ekki sjálfgefið að allt safnafólk sinni því sem skyldi. Söfn geta oftast en ekki auðveldlega þjónað sem samkomustaðir fyrir allt mögulegt og það er áriðandi að breyta hugarfari almennings til safna. Þannig má það ekki vera framandi tilhugsun að fara inn á safn, heldur á það að vera eðlilegur hluti af tilverunni. Söfn eiga þannig að vera lifandi hluti af samfélaginu.

## Skjalasöfn

Héraðsskjalasafnið Ísafirði sinnir norðanverðum Vestfjörðum. Um Héraðsskjalasöfn er skýr lagarammi, m.a. með tilliti til geymsluhúsnæðis. Núverandi geymslur standast engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar og er brýnt að verði bætt úr.

Á Ströndum, Reykhólum og á sunnanverðum Vestfjörðum er ekkert skjalasafn og heyrir skjalavarsla þar því undir Þjóðskjalasafn sem tekur við rafrænum gögnum og þeim gögnum sem skilað er inn. Ekki hefur verið markviss skjalasöfnun á því svæði umfram söfnun opinberra gagna um alllangt skeið. Þetta er grafalvarlegt mál og torveldar mjög fræðilega vinnu á svæðinu þar sem verulega erfitt getur reynst að finna gögn til rannsókna.

Rekstur skjalasafna er lögmætt verkefni sveitarfélaga en ekki lögbundið. Minni sveitarfélög hafa tæpast burði til að reka skjalasöfn og eru í stökustu vandræðum með skjalavistun. Með bættum samgöngum er mjög eðlilegt að stefnt verði að því að Héraðsskjalasafn Ísafirði sinni öllum Vestfjarðakjálkanum. Þetta krefst vitaskuld aukins fjármagns og geymsluhúsnæðis. Á það

ber þó að líta að þörf fyrir geymslurými skjalasafna fer minnkandi þar sem geymsla skjalasafna er smám saman að færast yfir í rafrænt form. Hin hliðin á þeim peningi er sú að við móttöku og vistun rafrænna gagna þarf að ráða tölvunarfræðing og byggja upp fullkominn tæknibúnað með tilheyrandi öryggisráðstöfunum. Ekkert héraðsskjalasafn á Íslandi tekur við rafrænum gögnum þar sem hvorki er fyrir hendi þekking né mannauður til þess. Samvinna þyrfti að vera um að þróa aðferðir og vinnulag við þetta á landsvísu.

## Aðgengismál

Aðgengismál safna hafa batnað mikið á undanförunum árum en þó þarf verulegar umbætur á mörgum söfnum. Upp hafa komið hugmyndir um að efna til samstarfs við verknámsdeild Menntaskólans á Ísafirði um að smíða sliskjur fyrir hjólastóla sem myndu bæta aðgengi á nokkrum stöðum sem eru í vandræðum.

## Niðurstöður

**Safnastarf á Vestfjörðum stendur á brauðfótum. Víða hringja viðvörunarbjöllur, rekstur er í járnum og sumum söfnum hefur verið lokað þar til úr leysist.**

Samstarf milli safna, setra og sýninga á Vestfjörðum þarf að stórauka. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti; samvinnu um sýningarhald, sameiginleg hagsmunamál og kynningarmál. Einnig gætu flest þeirra haft hag af sameiginlegum safnapassa sem gildi inn á öll söfn, setur og sýningar sem tækju þátt í líku verkefni en eðlilegt væri að slíkt fyrirkomulag væri þróað á landsvísu fremur en að hver landshluti þurfi að finna upp hjólið og bera kostnað af því. Safnapassi myndi einkum gagnast þar sem aðgangseyrir er ekki megin-tekjulind. Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020–24 er lögð áhersla á að efla samstarf menningarstofnana, og hafa verkefni sem fela í sér slíkt samstarf verið áhersluatriði undanfarin ár í styrkveitingum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Fáar stofnanir hafa þó stillt upp slíkum verkefnum í umsóknum sínum. Æskilegast er að frumkvæðið að samstarfi komi frá stofnununum sjálfum. Orð eru til alls fyrst og er það stefna Vestfjarðastofu að halda málþing stjórnenda menningarstofnana þar sem þessi mál verða á dagskrá.

Möguleikar á sameiningu safna eru fáir og varla raunhæfir. Helstu möguleikar til slíks eru samfara ytri breytingum á borð við sameiningar sveitarfélaga eða með breytingum á eignarhaldi. Hafa ber í huga að þvinguð sameining safna er ekki góður kostur. Því má segja að það sé hægt að sameina söfn ef þau vilja það; ef þau vilja það ekki er það ekki hægt.

Áætlanir um ábyrgðarsöfn eru góðra gjalda verðar en þeim þarf að fylgja fjármagn. Það að skilgreina eitthvert safn sem ábyrgðarsafn án uppbyggingar og aukinnar þjónustu er innantómt orðagjálfur. Uppbygging á rými til geymslu muna, forvörslu og námskeiðahalds er nauðsynlegt fyrir landshlutann og yrði til að stórefla samstarf á sviði safnamála. Geymsluhúsnæði er stóri þröskuldurinn fyrir framþróun safnastarfs á Vestfjörðum. Skýr samhljómur er um þetta meðal aðstandenda safna og sýninga á Vestfjörðum. Slíkt húsnæði gæti verið í umsjón ábyrgðarsafns. Það þarf vitaskuld að uppfylla allar þær ströngu reglur sem gerðar eru til geymslu safnmuna og skjalavörslu. Verði ráðist í nýbyggingu til slíkra nota, þarf staðsetning þess vera valin með tillit til áætlaðra áhrifa loftlagsbreytinga á næstu áratugum varðandi aukna tíðni og kraft s.s. sjávarflóða, ofanflóða og úrkomu, enda er verið að verið að varðveita muni til langrar framtíðar. Slíkt húsnæði gæti einnig nýst til fræðslu safnafólks, námskeiða, forvörslu og rannsóknastarfs, og eflt samvinnu milli safna, sýninga og setra. Það myndi nýtast jafnt minjasöfnum, skjalasöfnum og annarri safntengdri starfsemi.

Það er afar áriðandi að stjórnvöld skýri sýn sína í safnamálum, marki skýra stefnu og leggi aukið fjármagn til safnastarfs. Flestir sem reyna að sjá inn í framtíðina eru sammála um að skapandi greinar verði lykillinn í nýsköpunarverkefnum sem munu verða lykilatriði í afkomu þjóðarinnar á næstu áratugum. Starfsemi safna og setra getur orðið höfuðvígi fyrir þær sé rétt á spilunum haldið.



Dalbær á Snæfjallaströnd

## Viðauki 1 – Söfn á Vestfjörðum

Hér er örstutt lýsing á hverri stofnun. Í viðauka 3 má sjá samantekt um gestafjölda og stöðugildi hvernar stofnunar. Í viðauka 5 má svo sjá samantekt um eignarhald og rekstrarfyrirkomulag.

### Viðurkennd söfn

Þrjú söfn á Vestfjörðum hafa fengið viðurkenningu hjá Safnaráði.

#### Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði

Safnið er í eigu þriggja sveitarfélaga, Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkurkaupstaðar. Safninu tilheyrir safnasvæðið í Neðstakaupstað á Ísafirði.

Safnið er opið yfir sumarmánuðina en þess utan samkvæmt samkomulagi.

Undir Byggðasafn Vestfjarða heyrir einnig Vélsmiðjan á Þingeyri. Byggðasafnið er einnig í samstarfi við Ósvör í Bolungarvík.

Byggðasafn Vestfjarða hefur burði og þekkingu til að verða ábyrgðarsafn á Vestfjörðum. Helsti þroskuldurinn er að geymslumálsafnsins eru í algjörum ólestri. Til að takavið hlutverki ábyrgðarsafns verður að ráðast í uppbyggingu á geymslurými fyrir safnið, rými sem uppfyllir öll skilyrði til geymslu safngripa og gæti nýst til sameiginlegrar starfsemi fyrir öll söfn og setur á Vestfjörðum. Þannig gæti safnið boðið öðrum söfnum upp á geymslurými en það er sammerkt nær öllum söfnum á Vestfjörðum að geymslurými er verulegt vandamál.

Safnið vill verða leiðandi í varðveislu báta. Verkþekking og mannauður er fyrir hendi en safnið vantar húsnæði. Byggðasafnið vill vera í forystu í þessum málaflokki. Efna mætti til samstarfs við söfnin í Ósvör, Minjasafnið á Hnjóti og Bata- og hlunnindasafnið á Reykhólum. Það hefur einnig hug á því að efla samstarf við vélstjórnarnám og skipasmíðanám.

#### Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti

Safnið var upphaflega einkasafn Egils Ólafssonar en er nú í eigu og umsjón Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Safnið er almennt minjasafn með fjölbreyttan safnkost og er staðsett í Örlygshöfn við sunnanverðan Patreksfjörð. Minjasafnið hefur sinnt svæðisbundinni sögu og hefur lagt áherslu á að skrá gamalt verklag, heimildir um bjargnytjar og nýtingu annarra hlunninda á svæðinu. Safnið er opið yfir sumarmánuðina en þess utan samkvæmt samkomulagi.

#### Sauðfjársetur á Ströndum

Safn um allt sem snýr að íslensku sauðkindinni, skepnunni sjálfri, beit, nýtingu, slátrun og menningunni sem tengist sauðfjárbúskap. Beitt er fjölbreytilegum miðlunaraðferðum, t.d. er safnið sennilega hið eina á landinu sem markvisst höfðar til allra skynfæranna. Safnið er opið alla daga yfir sumarið og eftir samkomulagi yfir veturinn. Það stendur fyrir margvíslegum viðburðum árið um kring. Sauðfjársetrið hefur verið leiðandi í samstarfi safna á Vestfjörðum, m.a. efnt til samstarfs um sýningar sem flytjast milli safna. Það hefur átt í miklum samskiptum og góðu samstarfi við Þjóðminjasafnið, Byggðasafnið í Dölum og Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum í Hrutafirði.

## Önnur safnatengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar

#### Kört í Árneshreppi

Í Árnesi í Trékyllisvík í Árneshreppi er rekið minjasafnið Kört. Safnið er sjálfseignarstofnun og rekið af stofnendum og eigendum þess, hjónunum Valgeiri Benediktssyni og Hrefnu Þorvaldsdóttur. Safnið hefur sett upp leiðsagnarskilti og minnisvarða og haldið sérsýningar um eftirminnilegt fólk í sögunni. Um er að ræða sýningu sem leggur sérstaka rækt við útskurð, enda löng hefð fyrir slíku á Ströndum þar sem mikið hefur jafnan verið um rekavið.

#### Sögusýningin í Djúpavík

Sýningin er í gömlu síldarverksmiðjunum og fjallar um uppgangstíma síldveiða á Ströndum. Á sýningunni er rakið með ljósmyndum hvernig umhorfs var á árunum frá 1917–1955 og sýnir þann stórhug sem ríkti í Djúpavík. Talsvert er af gömlum vélum og öðrum munum frá því verksmiðjan var starfrækt, og byggingin sjálf er minnisvarði þessara makalausú tíma.

#### Baskasetur í Djúpavík

Í bígerð er að koma upp sýningu sem fjallar um veru Baska og veiðar þeirra hér við land fyrr á öldum, samskipti þeirra við Íslendinga og síðast en ekki síst hin alræmdu Spánverjavíg. Sýningin verður í risavöxnum lýsistanki við byggingar gömlu síldarverksmiðjunnar í Djúpavík á Ströndum.

#### Galdrasýningin á Hólmavík

Strandagaldur ses hefur rekið Galdrasýninguna frá árinu 2000. Þar er skyggst inn í kafla í Íslandssögunni sem sveipaður er dulúð og hinu yfirskilvitlega gerð nokkur skil. Reksturinn hefur gengið mjög vel og það hefur verið í stöðugum vexti og þróun frá upphafi. Kotbýli kuklarans var reist á Klúku í Bjarnarfirði 2005. Galdrasýningin hefur verið ákveðin kjölfesta í þróun ferðaþjónustu á Hólmavík og Ströndum öllum, má raunar segja að hún hafi „haldið Hólmavík á kortinu“ síðan hún tók til starfa.

#### Héraðsbókasafn Strandasýslu

Bókasafn staðsett í Grunnskólanum á Hólmavík. Það er nýtt af almenningi og grunnskólanum.

### Össusetur Íslands

Í Króksfjarðarnesi er rekið Össusetrið sem sérhæfir sig í öllu sem viðkemur íslenska haferninum, konungi íslenskra fugla, enda staðsett á þeim slóðum sem hann er hvað algengastur. Var áður samkeyrt með handverksfélaginu Össu, m.a. var samnýtt húsnæði og starfsmaður. Össusetrið rak til skamms tíma vefmyndavél sem sýndi beint úr össuhreiðri og naut mikilla vinsælda, allt að 10.000 manns á dag.

Össusetrinu var lokað 2020 og sýningin tekin niður og safngripum komið fyrir í geymslum eða nýjum sýningarstöðum. Verið er að leita að varanlegu sýningarrými á svæðinu og leiða til að koma upp nýrri vefmyndavél.

### Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum

Sýningin sinnir tveimur meginþáttum mannlífs við innanverðan Breiðafjörð frá fyrri tíð, súðbyrtum bátum og dúntekju af æðarfugli. Talsverð starfsemi tengd uppgerð og varðveislu súðbyrðinga hefur átt sér stað tengt sýningunni og áhugamenn um þessi mál eiga sér gríðastað á Reykhólum. Bátasmiðir starfa að bátasmiði á opnunartíma safnsins og miðla fróðleik um handverk sitt.

Fyrir nokkrum árum bættist við heilt safn, bátavélasafn Þórólfs Matthíassonar frá Akureyri. Það er mikið safn véla úr smábátum fyrri tíðar, sumar gangfærar og í toppstandi en aðrar í því ástandi sem þær fundust, jafnvel bjargað úr skipum sem lágu á hafsbotni.

Safnið er opið þrjá mánuði á ári og auk þess eftir samkomulagi.

### Sýning um Surtarbrandsgil

Sýning í eigu Umhverfisstofnunar í gamla prestsbústaðnum á Brjánslæk, en húsið hefur nýlega verið gert upp. Á sýningunni eru steingervingar og surtarbrandur úr Surtarbrandsgili sem er friðlýst náttúruvætti. Á staðnum er líka sýning um Hrafna-Flóka, en þarna kom hann á land, hafði vetursetu og gaf Íslandi nafn sitt. Yfir sumarið er rekið kaffihús á staðnum.

### Bókasöfn Vesturbyggðar

Í Vesturbyggð hafa tvö bókasöfn verið starfrækt af sveitarfélaginu, Héraðsbókasafn V-Barðastrandarsýslu á Patreksfirði og Bókasafnið á Bíldudal. Söfnin hafa nýlega verið sameinuð og eru orðin ein og sama stofnun. Héraðsbókasafn V-Barðastrandarsýslu á Patreksfirði hefur gengið í gegnum endurnýjun og endurskipulagningu eins og bókasöfn víða um heim. Öflugt starf hefur verið unnið með grunnskólunum og fjölmennning markvisst eflid, t.d. með því að fá erlendar barnabækur og dagblöð. Þar hafa verið gerðar tilraunir með gerð hlaðvarpspátta og fleira.

### Sýning um frönsku sjómennina á Patreksfirði

Sýning í einkaeigu um afmarkað viðfangsefni, veru og áhrif franskra skútusjómannanna á Vestfjörðum. Talsvert rannsóknarstarf hefur verið unnið í tengslum við sýninguna, gefin út fræðirit og efnt til samstarfs við franska aðila. Aðstandendur sýningarinnar höfðu veg og vanda af gerð minnismerkis til heiðurs frönsku fiskimönnunum og stefna að því að listamaðurinn sem vann það komi aftur á næsta ári á tuttugu ára afmæli verksins. Opið frá byrjun maí til loka september.

### Bókasafn Tálknafjarðar

Almennt bókasafn og skólabókasafn með aðsetur í Tálknafjarðarskóla. Safnið er opið fjóra morgna og eitt kvöld í viku.

### Skrímasetrið Bíldudal

Sýning sem fjallar um hugmyndir manna fyrr á öldum um sæskrímli og aðrar furðuverur. Listamenn hafa gert líkön af skrímstum byggð á fornum lýsingum sæfarenda og gömlum teikningum. Hjarta sýningarinnar er gagnvirkt upplýsingaborð hannað af Gagarín sem vakið hefur mikla athygli. Þar má sjá staðhætti þeirra sagna sem sýningin er byggð á. Sýningin hefur heppnast vel og dregið að sér fjölda ferðafólks á sumri hverju. Skrímasetrið er ekki hagnaðardrifið heldur starfar það með hagsmunum samfélagsins að leiðarljósi. Lagt er upp úr því að bjóða upp á hátíðir og viðburði fyrir bæjarbúa.



Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti í Örlygshöfn

### Melódiur minninganna á Bíldudal

Sýning í einkaeigu um íslenska dægurlagameningu um og upp úr miðri 20. öld. Eigandinn, Jón Kr. Ólafsson, var sjálfur vinsæll dægurlagasöngvari og hefur safnað allskyns munum tengdum skemmtanabransanum. Hluti sýningarinnar er nú til sýnis í Rokksafni Íslands í Hljómahöllinni í Keflavík. Eigandi sýningarinnar hefur lýst því yfir að sýningin fari í heild sinni suður í Keflavík eftir sinn dag.

### Listasafn Samúels í Selárdal

Safnið er um verk listamannsins með barnshjartað, Samúels Jónssonar, sem lést 1969. Félag um listasafn Samúels sér um endurreisn listaverka og bygginga Samúels að Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði. Byggingar Samúels og höggmyndagarður voru hans síðustu verk og staðnum hefur nú verið breytt í safn. Þar eru haldnar listsýningar, tónleikar og ýmsir viðburðir yfir sumartímenn og hægt að líta við í kaffi og versla minjagripi. Hefur haft samstarf við Listasafn ASÍ um skráningu í Sarp. Samstarf er einnig í kortunum við Minjasafnið á Hnjóti sem varðveitir muni eftir Samúel.

### Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri

Á Hrafnseyri er sögusýning sem fjallar um æfi og störf Jóns Sigurðssonar. Sýningin var opnuð 17. júní 2011 í tilefni af 200 ára fæðingarársmæli Jóns á Hrafnseyri. Auk sýningarinnar er þar rekin safnbúð og kaffisala í burstabæ, sem er eftirlíking af fæðingarbæ Jóns og var reistur árið 1997. Í burstabænum er einnig ný listsýning á hverju ári, þar sem ýmsir landskunnir listamenn sýna verk sín.

Árið 2011 var prófessorsstarf tengt nafni Jóns Sigurðssonar stofnað við Háskóla Íslands. Háskólinn hefur síðan lagt starfseminni á Hrafnseyri lið með því að styrkja alþjóðlegt námskeiðahald, ráðstefnur af ýmsu tagi og fornleifauppgroft sem þar hefur verið stundaður undanfarin ár. Einnig hafa íslenskir doktorsnemar unnið þar við skriftir, gerð útvarpsþátta og fleira.

Árið 2019 fjallaði nefnd á vegum forsætisráðuneytisins um framtíð Hrafnseyrar. Hún lagði til að flutt yrði á Alþingi tillaga um heildstæða nálgun á inntaki, stjórnsýslu og miðlun arfleifðar Jóns Sigurðssonar. Nefndin lagði einnig til að nútímaleg þjónusta yrði byggð upp á Hrafnseyri sem tæki



mið af aðgengi og fjölbreyttum þörfum almennings, fræðimanna, listamanna og hugsuða. Stuðst yrði við öflugar rannsóknir og fræðastarf sem hefði að leiðarljósi lýðræðisþróun og fjölbreytta miðlun og upplifun af sögu staðarins.

Starfsemin á Hrafnseyri hefur hingað til eingöngu miðast við sumarið og var Safn Jóns Sigurðssonar þá í þjóðleið. Með tilkomu Dýrafjarðarganga er safnið komið 14 km frá þjóðveginum, en um leið opnaðist sá möguleiki að nota staðinn allt árið. Forsenda þess er samt að þessum 14 km vegakafila verði komið í nútímalegt horf.

### Vélsmiðja Guðmundar J Sigurðssonar Þingeyri

Vélsmiðjunni á Þingeyri hefur verið haldið við í nánast upprunalegri mynd í meira en heila öld. Minjar um verklag og verkmenningu fyrri tíma eiga óvitaða jafnvel heima og á sínum upprunalega stað, sé honum haldið lifandi. Verklag lærist mann fram af manni og sögur af atburðum og starfsfólki verða sprellifandi fyrir augum gesta. Vélsmiðjan er undir verndarvæng Byggðasafns Vestfjarða á Ísafirði.

### Hljóðfærasafn Jóns Sig á Þingeyri

Einkasafn tengt hljóðfærasmiði eigenda. Þarna kennir margra grasa, einkum á sviði strengjahljóðfæra og mikill fróðleikur um tilurð og sögu slíkra hljóðfæra samankominn, sérstaklega íslensku hljóðfæra, langspils og íslenska fiðlu. Hljóðfæri smíðuð af Jóni hafa um árabil verið keypt af STEF og veitt sem heiðursverðlaun. Sýningin er lokuð sem stendur vegna húsnæðisskorts.

### Snjóflóðasafnið Flateyri

Verið er að hanna sýningu um snjóflóðin á Flateyri 1995, afleiðingar þess fyrir íbúana og samfélagið og eðli snjóflóða almennt. Verkefnið hefur staðið fyrir sögugöngum undanfarin ár sem hafa notið mikilla vinsælda. Efnissöfnun stendur yfir en sýning í föstu húsnæði er enn á hönnunarstigi.

### Ljósmyndasafn Ísafjarðar

Í eigu Ísafjarðarbæjar og sinnir varðveislu ljósmynda, miðlun og útgáfu. Ljósmyndasöfn hafa verið að færa sig á netið í takt við þróun tækninnar, en ekki hefur verið samræmt á landsvísi hvernig það er gert. Ljósmyndasafn Ísafjarðar notast við Sarp í þessum tilgangi.

### Bókasafn Ísafjarðar

Hefðbundið bókasafn í eigu sveitarfélagsins. Stærsta bókasafnið á norðanverðum Vestfjörðum, þjónar einnig Súðavík og Bolungarvík. Aðsókn og líf í safninu hefur aukist við tilkomu ærslabelgs sem er við hlið Safnahússins.

### Héraðsskjalasafnið Ísafirði

Skjalasafn í eigu Ísafjarðarbæjar. Safnið á í samstarfi við Bókasafnið á Ísafirði, Ljósmyndasafn Ísafjarðar og Listasafn Ísafjarðar, enda eru þau öll staðsett í Safnahúsinu á Ísafirði. Einnig hefur verið góð samvinna við Byggðasafn Vestfjarða. Safnið er í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands um ákveðin verkefni.

### Listasafn Ísafjarðar

Hefur sjálfstæða stjórn sem er skipuð samkvæmt forsetabréfi, í henni sitja sýslumaður, bæjarstjóri og sóknarprestur. Listasafnið á nokkurn safnkost sem hangir uppi á opinberum stöðum og er í geymslu í Safnahúsinu. Í Safnahúsinu er salur listasafnsins sem er ein ástæða þess að húsið er eitt af þremur menningar-húsum á Ísafirði ásamt Edinborgarhúsinu og tónleikasalnum Hömrum. Um þessar mundir er verið er að auglýsa stöðu starfsmanns í 35% stöðu til að hafa umsjón með safnkosti og skipuleggja viðburði á vegum safnsins.

### Hversdagssafnið á Ísafirði

Sýning sem rannsakar hið hversdagslega og venjulega, reynir að koma auga á skáldskapinn sem birtist þegar enginn er að fylgjast með. Þar má finna raddir heimamanna, minningar og sagnabrot sem gefa innsýn í horfna veröld. Sýningin er sett fram á gagnvirkan hátt og fjallar um líf fólks á Vestfjörðum og hið sammannlega.

### Dellusafnið Ísafirði

Verið er að flytja safnið frá Flateyri til Ísafjarðar, þar sem safnið hefur fest kaup á húsnæði. Heimsfaraldurinn kom á afar slæmum tíma með tilliti til þeirrar fjárfestingar og því fjárhagsstaðan afar þung. Safnið er einkum ætlað ferðamönnum af skemmtiferðaskipum. Í safninu er margvíslegur safnkostur, m.a. nokkur einkasöfn sem fólk hefur safnað, s.s. servíettusafn, pennasafn og kveikjarasafn.

### Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Safnið býr yfir allgóðum safnkosti en flutningar standa fyrir dyrum og því hefur safninu verið lokað á meðan. Verið er að endurskipuleggja safnið með tilliti til hins nýja sýningarrýmis sem verður væntanlega tengt annarri starfsemi.

### Sjóminjasafnið Ósvör

Safn austast í Bolungarvík tileinkað veiðum og fiskverkun í torfhúsum sem voru reist skv. fyrirmyndum fyrri alda. Safnvörður tekur á móti gestum í gömlum sjóklæðum og sýnir veiðarfæri og ýmis tæki og tól sem notuð voru við veiðar og fiskverkun á öldum áður. Ósvör hefur verið í samstarfi við Náttúrugripasafn Bolungarvíkur um miðasölu þannig að einn miði gildi á bæði söfnin.

### Melrakkasetur Íslands í Súðavík

Melrakkasetrið er eina safn sinnar tegundar á landinu. Það stendur fyrir sýningu, miðlar fróðleik og heldur úti rannsóknum um tófuna, enda er Súðavík ekki langt frá Hornströndum sem er griðland fyrir melrakkann. Melrakkasetrið byggir afkomu sína að verulegu leyti á heimsóknum skipafarþega. Það er gaman að segja frá því að Sir David Attenborough, náttúrufræðingur og fjölmiðlamaður, lýsti yfir sérstakri velþóknun með setrið eftir komu sína þangað.


### Snjáfjallasetur

Snjáfjallasetur var stofnað í Dalbæ á Snæfjallaströnd sumarið 2003. Setrinu er ætlað að safna, skrá og varðveita sagnir, kveðskap, myndir, muni og ýmis gögn sem tengjast sögu byggðar í Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum og standa að sýningahaldi, útgáfustarfsemi, vefgagnasafni og ýmsum viðburðum. Samstarf hefur verið við Byggðasafn Vestfjarða um skráningu í Sarp. Setrið stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum yfir sumarið í samstarfi við Steinshús.

### Steinshús

Steinshús var opnað 2015 á Nauteyri á Langadalsströnd. Þar er sýning um ævi og störf Steins Steinarrs, skálds. Í Steinshúsi er opið kaffihús og veitingasala yfir sumarið. Í húsinu er einnig starfrækt fræðimannsíbúð allt árið sem rithöfundar og listamenn hafa nýtt sér. Steinshús hefur samstarf við Byggðasafn Vestfjarða um skráningu í Sarp.

## Viðauki 2 – Staðsetning safna á Vestfjörðum



## Söfn, sýningar og setur á Vestfjörðum

## Viðurkennd söfn

- 1 Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði
- 2 Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
- 3 Sauðfjársetur á Ströndum

## Önnur safnatengd starfsemi, safnvísar, setur og sýningar

- 1 Ljósmyndasafn Ísafjarðar
- 1 Bókasafn Ísafjarðar
- 1 Héraðsskjalasafnið Ísafirði
- 1 Listasafn Ísafjarðar
- 1 Hversdagssafnið á Ísafirði
- 1 Dellusafnið Ísafirði
- 2 Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
- 2 Sjóminjasafnið Ósvör
- 3 Snjóflóðasafnið Flateyri
- 4 Vélsmiðja Guðmundar J Sigurðssonar Þingeyri
- 4 Hljóðfærasafn Jóns Sig á Þingeyri
- 5 Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri

- 6 Melódiur minninganna á Bíldudal
- 6 Bókasöfn Vesturbyggðar
- 6 Skrímslasetrið Bíldudal
- 7 Listasafn Samúels í Selárdal
- 8 Bókasafn Tálknafjarðar
- 9 Sýning um frönsku sjómennina á Patreksfirði
- 9 Bókasöfn Vesturbyggðar
- 10 Sýning um Surtarbrandsgil
- 11 Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum
- 12 Össusetur Íslands
- 13 Héraðsbókasafn Strandasýslu
- 13 Galdrasýningin á Hólmavík
- 14 Sögusýningin í Djúpavík
- 14 Baskasetur í Djúpavík
- 15 Kört í Árneshreppi
- 16 Steinshús
- 17 Snjáfjallasetur
- 18 Melrakkasetur Íslands í Súðavík

## 20 Viðauki 3 – Gestafjöldi og stöðugildi

Hér er yfirlit yfir stöðugildi launaðs starfsfólks og gestafjölda. Miðað er við núverandi stöðugildi. Í gestafjölda er miðað við árið 2019 (nema annars sé getið) þar sem það er síðasta „eðlilega“ árið.

Stofnun	Stöðugildi á ársgrundvelli	Gestafjöldi 2019
Galdrasýningin á Hólmavík	3,25	15.675
Byggðasafn Vestfjarða, Ísafirði	2,7	13.115
Sjóminjasafnið Ósvör	0,7	13.000
Melrakkasetur Íslands, Súðavík	0,5	12.000
Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri	1,2	7.425
Sauðfjársetur á Ströndum	1,7	6.000
Listasafn Samúels í Selárdal	0	5.500
Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti	1,5	3.500
Kört, Árneshreppi	0,7	3.000
Vélsmiðjan Þingeyri	0,25	3.000
Skrímslasetrið Bíldudal	0,25	2.500
Steinshús	0,2	2.500
Hversdagssafnið Ísafirði	0,4	1.052
Dellusafnið Ísafirði	0,7	1.600*
Sögusýningin í Djúpavík	0,2	1.000
Bókasöfn Vesturbyggðar	0,9	840**
Snjáfjallasetur	0	750
Hljóðfærasafn Jóns Sig á Þingeyri	0,25	700
Sýning um Surtarbrandsgil	0,2	600
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum	0,25	550
Melódíur minninganna	0	200
Össusetur Íslands	0	160
Sýning um frönsku sjómennina á Patreksfirði	0	100
Bókasafn Ísafjarðar	2,8	Uppl ekki til
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	3,2	Á ekki við
Bókasafn Tálknafjarðar	0,3	Uppl ekki til
Ljósmyndasafn Ísafjarðar	0,7	Á ekki við
Héraðsbókasafn Strandasýslu	0,75	Uppl ekki til
Náttúrugripasafn Bolungarvíkur	0,2	0
Listasafn Ísafjarðar	0,35	0
Baskasetur í Djúpavík	0	0
Snjóflóðasafnið á Flateyri	0	0

\* Tölur frá árinu 2018

\*\* Á aðeins við bókasafnið á Patreksfirði. Skólabörn ekki talin með.

## Viðauki 4 – Viðmælendaskrá

**Byggðasafn Vestfjarða:** Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður; Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðar; Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur; Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

**Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti:** Inga Hlín Valdimarsdóttir, forstöðumaður; Rebekka Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar; Iða Marsibil Jónsdóttir, bæjarfulltrúi; Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi; Jón Árnason, bæjarfulltrúi; Þórkatla Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi.

**Sauðfjársetur á Ströndum:** Ester Sigfúsdóttir, forstöðumaður; Jón Jónsson, ráðgjafi.

**Minjasafnið Kört, Árneshreppi:** Valgeir Benediktsson, forstöðumaður

**Sögusýningin í Djúpavík:** Héðinn B. Ásbjörnsson, forsvarsmaður

**Galdrasýningin á Hólmavík:** Anna Björg Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri

**Össusetur Íslands:** Guðlaug G. I. Bergsveinsdóttir, forsvarsmaður

**Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum:** Jamie Lee, forstöðumaður; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri

**Sýning um Surtarbrandsgil:** Jóhann Pétur Ágústsson, forsvarsmaður

**Bókasöfn Vesturbyggðar:** Alda Hrannardóttir, forstöðumaður

**Sýning um frönsku sjómennina á Patreksfirði:** María Ósk Óskarsdóttir, eigandi og forsvarsmaður

**Bókasafn Tálknafjarðar:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

**Skrímslasetrið Bíldudal:** Gauja Hlín, forsvarsmaður

**Melódíur minninganna á Bíldudal:** Jón Kr. Ólafsson, eigandi og forsvarsmaður.

**Listasafn Samúels í Selárdal:** Ólafur Engilbertsson, forsvarsmaður

**Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri:** Valdimar Jón Halldórsson, forstöðumaður

**Vélsmiðja Guðmundar J Sigurðssonar Þingeyri:** Jóna Símonía Bjarnadóttir, forsvarsmaður

**Hljóðfærasafn Jóns Sig á Þingeyri:** Jón Sigurðsson, eigandi og forsvarsmaður

**Snjóflóðasafnið Flateyri:** Eyþór Jóvinsson, forsvarsmaður

**Ljósmyndasafn Ísafjarðar:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, forstöðumaður

**Bókasafn Ísafjarðar:** Edda B. Kristmundsdóttir, forstöðumaður

**Héraðsskjalasafnið Ísafirði:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, forstöðumaður

**Listasafn Ísafjarðar:** Guðfinna M Hreiðarsdóttir, forstöðumaður, Jón Sigurpálsson, fv safnstjóri

**Hversdagssafnið á Ísafirði:** Björg Sigurjónsdóttir, forsvarsmaður

**Dellusafnið Ísafirði:** Valdemar S. Jónsson, eigandi og forsvarsmaður

**Náttúrugripasafn Bolungarvíkur:** Sigurður Halldór Árnason, framkvæmdastjóri

**Sjóminjasafnið Ósvör:** Hulda Birna Albertsdóttir, forsvarsmaður

**Melrakkasetur Íslands í Súðavík:** Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, Genka Yordanova, bókari

**Snjáfjallasetur:** Ólafur Engilbertsson, forsvarsmaður

**Steinshús:** Ólafur Engilbertsson, forsvarsmaður

**Baskasetur í Djúpavík:** Héðinn B. Ásbjörnsson, forsvarsmaður

**Héraðsbókasafn Strandasýslu:** Svanur Kristjánsson, forsvarsmaður

**Djóðskjalasafn Íslands:** Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri



Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum

## Viðauki 5 – Rekstrarfyrirkomulag safna á Vestfjörðum

Rekstur safna á Vestfjörðum skiptist í ferns konar rekstrarfyrirkomulag:

- Ríkisstofnanir
- Söfn í eigu sveitarfélaga,
- Sjálfseignarstofnanir
- Söfn/sýningar í einkaeigu

### Ríkisstofnun

- Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafseyri
- Sýning um Surtarbrandsgil

### Í eigu sveitarfélags/sveitarfélaga

- Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
- Bókasafnið Patreksfirði
- Bókasafn Tálknafjarðar
- Vélsmiðjan Þingeyri
- Hljóðfærasafn Jóns Sig á Þingeyri
- Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði
- Ljósmyndasafn Ísafjarðar
- Bókasafn Ísafjarðar
- Héraðsskjalasafnið Ísafirði
- Listasafn Ísafjarðar

- Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
- Sjóminjasafnið Ósvör
- Héraðsbókasafn Strandasýslu

### Sjálfseignarstofnanir

- Sauðfjársetur á Ströndum ses
- Galdrasýningin á Hólmavík - Strandagaldur ses
- Kört í Árneshreppi - Minjasafnið Kört ses
- Steinshús ses

### Einkahlutafélög

- Melrakkasetur Íslands ehf á Súðavík
- Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf
- Össusetur Íslands ehf

### Í eigu félagasamtaka

- Skrímslasetrið Bíldudal - Félag áhugamanna um skrímslasetur
- Listasafn Samúels í Selárdal - Félag um listasafn Samúels
- Snjáfjallasetur - Félag um Snjáfjallasetur

### Í eigu einstaklinga eða fyrirtækja

- Sögusýningin í Djúpavík - Hótel Djúpavík
- Melódiur minninganna - Jón Kr. Ólafsson
- Hljóðfærasafn á Þingeyri - Jón Sigurðsson
- Dellusafnið Ísafirði - Valdemar S. Jónsson
- Snjóflóðasafnið Flateyri - Bræðurnir Eyjólfsson
- Baskasetur í Djúpavík - Hótel Djúpavík
- Sýning um frönsku sjómennina á Patreksfirði - María Óskarsdóttir

